



**680. fundur bæjarráðs Hveragerðis**  
**haldinn í fundarsal Sunnumörk 2, fimmtudaginn 3. ágúst 2017 kl. 08:00.**

**Fundinn sátu:**

Aldís Hafsteinsdóttir, Njörður Sigurðsson og Friðrik Sigurbjörnsson

**Fundargerð ritaði:** Aldís Hafsteinsdóttir, bærjarstjóri.

Friðrik Sigurbjörnsson, varaformaður setti fund og stjórnaði. Leitaði hann eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

**Dagskrá:**

**1. Bréf frá Lögreglustjóranum á Suðurlandi frá 25.júlí 2017. - 1707022**

Í bréfinu leggur lögreglustjóri til að sérstakar almannavarnavikur verði haldnar nú á haustmánuðum í hverju seitarfélagi á Suðurlandi. Með bréfinu fylgdu drög að dagskrá og eins drög að dagsetningum en áætlað er að í Hveragerði verði almannavarnavika haldina dagana 11. til 14. september.

*Bæjarráð fagnar frumkvæði lögreglustjóra og mun tryggja, eins og nauðsynlegt er, aðkomu starfsmanna bæjarins að verkefninu.*

Fylgigögn:

[Bréf frá Lögreglustjóranum á Suðurlandi frá 25.júlí 2017. – 1707022](#)

[Almannavarnavika í sveitarfélaginu](#)

[Dagatal](#)

**2. Bréf frá Lovísu Dögg Viggósdóttur frá 24.júlí 2017. - 1707018**

Lögð fram umsókn um styrk fyrir nema í leikskólakennarafræðum frá Lovísu Dögg Viggósdóttur sem er að hefja nám í leikskólakennarafræðum (M.Ed) en hún mun hefja störf við leikskólann Óskaland nú í haust.

*Bæjarráð fagnar því að starfsmenn skuli nýta sér þá styrkmöguleika sem bærjarstjórn samþykkti sem lið í að fjölga fagmenntuðum starfsmönnum leikskólanna. Umsóknin er samþykkt.*

Fylgigögn:

[Bréf frá Lovísu Dögg Viggósdóttur frá 24.júlí 2017. – 1707018](#)

**3. Bréf frá Guðmundi Arnari Sigfússyni frá 12.júlí 2017. - 1707021**

Í bréfinu óskar bréfritari f.h. Hestamannafélagsins Ljúfs eftir að fá beitarafnot á landi Friðarstaða.

*Bæjarráð samþykkir beiðnina enda mun hestamannafélagið sjá um að girðingar á svæðinu haldi þannig að hross komist ekki í skógræktarreiti sem þarna eru.*

Fylgigögn:

[Bréf frá Guðmundi Arnari Sigfússyni frá 12.júlí 2017. – 1707021](#)



**4. Bréf frá Gróu Friðgeirsdóttur frá 29.júlí 2017. - 1707023**

Í bréfinu óskar bréfritari eftir styrk fyrir hið árlega golfmót sem haldið er í minningu Friðgeirs Kristjánssonar þann 20. ágúst n.k.

*Bæjarráð samþykkir að styrkja golfmótið um kr. 25.000.- eins og undanfarin ár.*

Fylgigögn:

[Bréf frá Gróu Friðgeirsdóttur frá 29.júlí 2017. - 1707023](#)

**5. Minnisblað: Reglur um leikskóla og frístundaskóla. - 1707019**

Lagt fram minnisblað frá bæjarstjóra frá 25. júlí vegna breytinga á reglum um innritun og gjöld í leikskólum og frístundaskóla Hveragerðisbæjar.

*Bæjarráð samþykkir breytingarnar og ennfremur eftirfarandi viðbót:*

*Við 5. gr. reglna um innritu og gjöld í leikskólum bætist eftirfarandi:*

*Séu börn fædd sama daginn er sú umsókn frammar í röðinni sem fyrr barst.*

Fylgigögn:

[Minnisblað: Reglur um leikskóla og frístundaskóla. - 1707019](#)

**6. Minnisblað: Kostnaður vegna flutnings bæjarskrifstofu. - 1707020**

Lagt fram minnisblað frá bæjarstjóra frá 25. júlí vegna kostnaðar við fyrirhugaðan flutning bæjarskrifstofu að Breiðumörk 20.

*Bæjarráð samþykkir fjárveitingu allt að 6 mkr til búnaðarkaupa og innréttinga á nýjum bæjarskrifstofum.*

*Þeim kostnaði verði mætt með aukaframlagi sem nýverið barst frá Jöfnunarsjóði vegna tekna af skatti á fjármálafyrirtæki en ekki var gert ráð fyrir þeim greiðslum í fjárhagsáætlun. Nema þær um 21 mkr.*

Fylgigögn:

[Minnisblað: Kostnaður vegna flutnings bæjarskrifstofu. - 1707020](#)

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

**Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:00**

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Njörður Sigurðsson, (sign)

Friðrik Sigurbjörnsson, (sign)